

að höfð sè hliðsjón af aukatekjureglugjörðinni frá 10. september 1830, en þar á móti er sú ákvörðun, sem ber að fara eptir um borgun fyrir gjörðir þessar, í tilskipun 24. júlím. 1789, 6. grein, eins og þær og hafð álitid, og að ekki getur verið umtalsmál að reikna borgun þá, sem þar er ákveðin, á þann hátt, sem prófasturinn hefir vikið á.

1863.

10. júlím.

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðing yfir uokkra kaffa úr nýja-testamentinu.

10. júlím.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, 22. maímán. þ. á., frá Pètri prófessor Péturssyni og Sigurði Melsted, kennara við prestaskólann í Reykjavík, um styrk til að gefa út 4. hepti af riti þeirra: „þýðing yfir útvalda kaffa úr nýja-testamentinu,” hefir stjórnarráðið veitt beiðendunum 100 rdl.

Þetta sè yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þær birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um það, að eyðijörðin Efriströnd eigi fáist keypt.

10. júlím.

Útaf bænarskrá Guðmundar bónda Jónssonar á Kornbrekkum, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 28. marzm. þ. á., um að fá til kaups fyrir 150 rdl. eyðijörðina Efriströnd í Rangárvalla sýslu, skal yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þær auglýsið það, að þareð ekki virðist vera hagfellt að farga um þessar mundir þjóðjörðum á Íslandi, verður það, sem hær er um beið, eigi veitt; þar á móti skal farið með jörð þessa samkvæmt því, sem fyrir er mælt í bréfi stjórnarráðsins til yðar, dags. 28. febrúarm. þ. á.